



Fyrirkomulag fæðingarorlofs grunnskólakennara

Af og til berast fyrirspurnir um hvort kennurum sé heimilt að koma til starfa úr fæðingarorlofi til að gera hlé á orlofinu á meðan starfsemi skóla liggur niðri, svo sem í jóla- og páskaleyfum.

Þrátt fyrir að í 10. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof segi að starfsmanni sé heimilt með samkomulagi við vinnuveitanda að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á nokkur tímabil þá er ekki hægt að haga fyrirkomulagi fæðingarorlofs kennara með þeim hætti að kennari geri hlé á orlofinu á meðan hlé er á starfsemi skólans. Fæðingarorlofi getur hins vegar lokið í slíku hléi.

Réttur starfandi kennara til frítöku á þeim tíma sem starfsemi skóla liggur niðri, svo sem um jól og páska, byggir á ákvæðum kjarasamnings um fyrirkomulag vikulegrar vinnuskyldu kennara í grunnskóla. Vikuleg vinnuskylda kennara á skólatíma grunnskóla er 42,86 klst. Þær 2,86 klst. sem eru umfram 40 stunda vinnuviku nema samtals 105,82 klst. eða 13,23 vinnudögum sem kennarar vinna af sér. Þessir 13,23 dagar falla saman við lögboðna frídaga nemenda um jól og páska, eða 10-11 dagar á ári (88 stundir á ári). Afgangurinn fjölgar frídögum yfir sumartímann, þ.e. 1-2 aukafrídagar á sumrin.

Ekki er um sömu tilhögun að ræða hjá kennurum í fæðingarorlofi, þ.e. þeir ávinna sér ekki rétt til frítöku á sama hátt og starfandi kennara. **Kennurum er því ekki heimilt að gera hlé á fæðingarorlofi á meðan starfsemi skóla liggur niðri.**